



Fyrst ég gat þetta, þá getur þú þetta líka!



Það eru forréttindi að starfa innan fullorðinsfræðslunnar, umgangast fólk sem þyrstir í meiri þekkingu og vill styrkja sig þannig í leik og starfi. Það er ekki síður skemmtilegt að fylgjast með því hvernig einstaklingarnir í námshópunum okkar eflast dag frá degi og hvetja sjálfan sig og náungann áfram í þekkingaröfluninni.

Það eru margir sem standa í þeim sporum að virkilega langa til að læra meira, en vantar hvatninguna til að taka skrefin í þá átt. Þessi tilfinning er ósköp skiljanleg og eðlileg.

Fyrir tæpum áratug var Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stofnuð, en Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins stóðu að stofnun hennar. Þarna var tekið stórt skref í þá átt að byggja upp ákveðið menntakerfi innan fullorðinsfræðslunnar og með því móti að koma til móts við þá fjölmörgu einstaklinga á vinnumarkaði sem ekki hafa lokið framhaldsskólaprófi.

Árið 2006 gerði Fræðslumiðstöð atvinnulífsins samning við símenntunarmiðstöðvarnar, þess efnis að bjóða upp á ákveðin námstækifæri á þeirra þjónustusvæði og einnig að bjóða upp á náms og starfsráðgjöf. Í gegnum Fræðslumiðstöðina er fjármagni veitt til að greiða niður þessa þjónustu, enda lagt upp með að gera fólki kleift að sækja sér þessa þekkingu án þess að kosta miklu til í krónum talið.

Við hjá Símenntunarmiðstöðinni

framgöngu stéttarfélaganna innan ASÍ sem hafa lagt þunga áherslu á menntaþáttinn í sinni kjarabaráttu. Auk þess hefur Símenntunarmiðstöðin verið í mjög góðu samstarfi við Stéttarfélag Vesturlands og m.a. má nefna að Símenntunarmiðstöðin fékk styrk frá félaginu til að þróa og halda menntasmiðju kvenna, og verið samstarfsaðili í umsókn um styrk í karlasmiðju, frumkvöðlasmiðjur og nú síðast er félagið samstarfsaðili okkar í umsókn til Innflytjendaráðs um þróun raunfærnimats fyrir innflytjendur.

Starfsfólk félagsins hefur líka lagt okkur lið við að halda fræðslufyrirlestra fyrir atvinnuleitendur.

Þetta samstarf skiptir okkur hjá Símenntun mjög miklu og hvetur okkur áfram til að vinna að frekari samstarfsverkefnum við félagið.

Það geta allir lært, en hvert okkar notar þá aðferð sem okkur finnst best. Hvort sem það er verknám bóknám eða blanda af hvoru tveggja þá kallar umhverfið, sem við bú-


um við, á aukna þekkingu, færni og hæfni.

Við hjá Símenntun störfum í þágu íbúa á Vesturlandi. Við bjóðum upp á fjölda námstækifæra, náms og starfsráðgjöf, þjónustum fjarnema, gerum fræðsluáætlanir innan fyrirtækja og veitum upplýsingar um nám og námskeið.

Ef þig langar að vita meira um þjónustu okkar þá er vefurinn okkar www.simenntun.is og síminn 437 2390 og við bendum einnig á vef Fræðslumiðstöðvarinnar www.frae.is

Við hlökkum til að heyra frá þér og óskum þér og þínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

*Fh. Starfsfólks Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi
Inga Dóra Halldórsdóttir,
framkvæmdastjóri*



Frost: Vetrarmynd tekin af Áslaugu Þorvaldsdóttur

Stéttarfélag Vesturlands
Starfssvæði: Hvalfjarðarsveit - Borgarbyggð - Skorradalur
- Eyja- og Miklaholtshreppur - Dalabyggð

Félagsfréttir

11. tölublað - Desember 2011

Ábyrgðarmaður: Signý Jóhannesdóttir.

Stjórn Stéttarfélags Vesturlands:

Signý Jóhannesdóttir, formaður, Sigurbór Óskar Ágústsson, varaformaður, Baldur Jónsson, ritari, Kristján Jóhannsson, vararitari, Áslaug Þorvaldsdóttir, meðstjórnandi, Jónína Guðrún Heiðarsdóttir, meðstjórnandi. Aðrir meðstjórnendur og formenn deilda: Ívar Örn Hauksson, form. IMSdeildar, María Erla Guðmundsdóttir, form. MFPdeildar, Elín Guðrún Tómasdóttir, form. DRSdeildar, Guðbrandur Magnússon, form. ISDeildar, Einar O. Pálsson, form. DVSeildar.

Frost í samskiptum við stjórnvöld

Þegar kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru undirritaðir 5. maí síðastliðinn, fylgdi þeim gjörningi yfirlýsing stjórnvalda sem átti að tryggja ákveðna hluti sem væru um margt forsendur kjarasamninganna. Þetta eru ekki óalgeng vinnubrögð þegar verið er að ljúka samningum, því það skiptir ekki alltaf mestu máli hversu háar kjarabæturnar í launaumslagið eru, heldur hversu lengi þær duga til framfærslu fjölskyldunnar. Þetta samspil kauphækkana og kaupmáttar er ekki síst mikilvægt við þær aðstæður sem skapast hafa í samfélaginu frá því í október 2008. Reynt var að semja um stöðugleika í samfélaginu vorið 2009 og ég treysti mér til að fullyrða að almennt launafólk á Íslandi hefur sýnt stjórnvöldum og forsvarsmönnum atvinnufyrirtækjanna í landinu mikinn skilning í því ástandi sem skapaðist í kjölfar efnahagshrunsins. Það er því mjög sárt að þurfa að verða vitni að því að stjórnvöld hafa algjörlega brugðist því trausti sem samningsaðilar hafa sett á þau. Eftir að komið hafði í ljós að Ríkisstjórn Jóhannu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar, fyrsta hreina vinstri stjórnin í landinu, stjórnin sem vildi kenna sig við norræna velferð, gerði ekkert með þennan skilning launafólks og viðsemjenda þeirra, voru það þung skref að leggja aftur til að leið skynseminnar yrði reynd. Ég hef haft það að leiðarljósi í samskiptum við fólk að treysta því að samferðarfólk mitt sé gott og heiðarlegt fólk og vona að þrátt fyrir að öllum geti orðið á mistök þá þurfi að gefa mönnum tækifæri til að bæta sig. Kjaraviðræðurnar sl. vetur voru mjög erfiðar og ekki síst þessi glíma við stjórnvöld, að setja upp þannig áætlun að hún væri trúverðug og við gætum sagt við okkar umbjóðendur: Við vitum að stjórnvöld brugðust okkur við efndir stöðugleika sáttmálans, en nú höfum við gert þeim það ljóst að einhver óljós loforð duga ekki, það sem sett verður á blað verður að standa við. Þeir sem fylgst hafa með umræðunni á síðustu dögum vegna afgreiðslu fjárlaga og ekki síst vegna tekjuhlíðar áætlana ríkissjóðs, hljóta að sjá að ekki er allt með felldu í þessum samskiptum. Hvar eru þær kanónur sem á þingi hafa barist með oddi og egg fyrir norrænni velferð. Hvar er Heilög Jóhanna sem fékk allar góðar sálir til að gráta með sér ef illa var farið með lítilmagnann. Hvar er Steingrímur með sinn stólpakjafi sem skammaðist sín ekki fyrir að kalla menn gungur og druslur ef honum þótti þeir hafa unnið til þess. Vissulega hafa þau ekki verið öfundsverð í hlutverkum sínum en því miður þá hafa þau ekki nýtt þann samstarfsvilja sem aðilar vinnumarkaðarins hafa sýnt þeim. Nei, viljinn til að sitja í valdastólunum út kjörtímabilið er svo sterkur að hann yfirtekur viljann til að valda hlutverkunum.

Signý Jóhannesdóttir



Frá vinstri: Jónína Heiðarsdóttir, Kristín Anna Kristjánsdóttir, Guðbrandur Magnússon, Áslaug Þorvaldsdóttir, Kristján Jóhannsson, Ívar Örn Hauksson og Signý Jóhannesdóttir. Myndin er tekin í Galdrasafninu á Hólmavík.

Breytingar á stjórn Stéttarfélagsins

Á aðalfundi Stéttarfélags Vesturlands, sem haldinn var 12. maí 2011, urðu þær breytingar á kjörinni stjórn félagsins að Kristín Anna Kristjánsdóttir sem kjörin var meðstjórnandi óskaði eftir því að láta af störfum og í hennar stað var kjörin Áslaug Þorvaldsdóttir. Formenn deilda eiga sæti í stjórninni og þar varð eng-

in breyting. Um leið og Áslaug er boðin velkomin eru Kristínu Önnu færðar þakkir fyrir vel unnin störf á liðnum árum. Kristín var áður einnig í stjórnnum Sjúkra og Orlofssjóðs, hún hætti í stjórn sjúkrasjóðsins fyrir ári en starfar áfram í Orlofssjóðsstjórninni.



Skrifstofa Stéttarfélags Vesturlands í Búðardal er í Stjórnsýsluhúsinu

Afgreiðslutími

á skrifstofum Stéttarfélags Vesturlands frá og með 1. jan. 2012

Innrimelur 3, Hvalfjarðarsveit

Alla þriðjudaga frá kl. 08:30 til 12:30

Sími á Innrimel er 430 0436

Miðbraut 11, Búðardal

Annan hvern fimmtudag frá kl. 9:30 til 12:30

5. jan., 19. jan., 2. feb., 16. feb., 1. mars o.s. frv.

Sími í Búðardal er 430 0435

Sæunnargata 2 a, Borgarnesi

Opíð alla virka daga frá kl. 8:00 til 16:00, opíð í hádeginu

Sími í Borgarnesi er 430 0430



Stéttarfélag Vesturlands

Fax: 430 0431 - Sími form. 894-9804

Heimili: Sæunnargata 2 a, 310 Borgarnes

Netfang: stettvest@stettvest.is - Veffang: www.stettvest.is

Viljum styðja lestrarkennslu á fyrsta skólastigi

Stéttarfélag Vesturlands hefur á undanförunum árum lagt ýms-um góðum málefnum lið á félagssvæði sínu. Að þessu sinni var ákveðið að styðja við yngstu kynslóðina. Á 50. fundi stjórnar félagsins þriðjudaginn 15. nóv. sl. var samþykkt að veita styrki til þeirra 8 leikskóla sem starfa á félagssvæðinu. Styrkirnir voru að upphæð kr. 60.000. til hvers skóla og skyldi nota til kaupa á kennslugögnum eða með öðrum hætti til að örva málþroska nemendanna og efla lestraráhuga þeirra. Nemendur leikskólanna á svæðinu eru rúmlega þrjú hundruð og starfsmenn um níutíu.

Leikskólar eins og aðrar stofnanir sveitarfélaganna á félagssvæðinu hafa fundið fyrir niðurskurði. Þó að upphæð styrkjanna sem félagið leggur hverjum leikskóla til sé ekki há, þá er það von okkar að hún geti nýst vel. Við viljum líka sýna í verki áhuga okkar á því að efla menntun þjóðarinnar og mikilvægi þess að geta lesið sér til gagns. Fræðslusjóðir stéttar-



Stjórn Stéttarfélags Vesturlands vill hvetja til þess að þessu verði breytt og telur að því fyrr sem áhugi barna á bóklestri er vakinn, því meiri líkur séu á því að þau nái

meðfylgjandi myndir vegna þessa stuðnings:

Lestrarhvetjandi umhverfi hefur verið í leikskólanum Klettaborg mörg undanfarin ár. Síðastliðið vor var ákveðið að innleiða svokallað Leikskólalæsi en það miðar markvisst að því að efla og styrkja málvitund barna og kynna ritmál til sögunnar. Unnið er með alla þætti læsis þ.e. tal, hlustun, lestur og ritun. Innleiðingin gengur mjög vel og er áhuginn mikill bæði hjá börnum og starfsfólki, jafnframt hafa foreldrar talað um aukinn áhuga barnanna á lestri og rituðu máli.

Styrkurinn frá Stéttarfélagi Vesturlands var kærkominn til að styðja við innleiðinguna og voru

eftirfarandi námsgögn keypt sem nýstast fyrir leikskólalæsið:

Sögugrunnurinn sem er námsgagn til að efla málþroska og læsi í leikskólum

Lærum og leikum með hljóðin (DVD diskur) þar sem unnið er með hljóðkerfisvitund og framburð hljóðanna í erfiðleikaröð.

Alías-júnior sem er þroskandi getgátuleikur með myndum og orðum.

Latabæjar-minnisspil sem er samstæðuspil með persónum úr Latabæ.

Við þökkum Stéttarfélagi Vesturlands kærlega fyrir stuðninginn og vitum að hann mun nýstast vel í leikskólastarfinu í Klettaborg.



félaganna sem urðu flestir til með kjarasamningum fyrir rúmum 10 árum hafa stutt starfandi félagsmenn til náms. Margir þeirra hafa einmitt þurft að byrja á því að takast á við lestrarörðugleika, þegar lagt hefur verið af stað til náms á nýjan leik. Nýlegar rannsóknir sýna að um fjórðungur ungra drengja í síðustu bekkjum grunnskóla geti ekki lesið sér til gagns. Þetta eru ekki góðar niðurstöður.

góðum tókum bæði á málnotkun og málskilningi. Við viljum líka hvetja foreldra og ekki síst afa og ömmur til að segja börnunum sögur og lesa fyrir þau. Það að efla læsi og lestraráhuga er verkefni alls samfélagsins og við viljum leggja okkar að mörkum. Steinunn Baldursdóttir leikskólastjóri á Klettaborg í Borgarnesi sendi okkur eftirfarandi texta og



Bótareglur frá og með 1. maí 2011

1. **Fæðingarstyrkur**kr. 70.000
Miðast við félag. Þannig að ef tveir fullgreiddandi félagar eignast saman barn eiga hvort um sig rétt á fæðingarstyrk.
2. **Styrkur v/glása-, tæknifrjógunar og ættleiðingar**kr. 100.000
Miðast við félag. Þannig að ef um er að ræða tvo fullgreiddandi félagar eiga þeir hvor sinn rétt. Aðeins veittur einu sinni á hverju þriggja ára tímabili. Leggja þarf fram staðfestingu á útlögðum kostnaði og aldrei skal greiða meira en 50% af kostnaði.
3. **Gleraugnastykur**pr. féлага á 24 mánaða tímabili kr. 40.000
En aldrei meira en 50% af reikningi. Tilvísun lækis þarf til.pr. barn á 12 mánaða tímabili kr. 20.000
4. **Heyrnatækjastykur pr. féлага á 36 mánaða tímabili**kr. 40.000
Miðað við tæki í annað eyra. Upphæð tvöfaldast ef þörf er á tveimur tækjum. Þó aldrei meira en 50% af reikningi. Tilvísun lækis þarf til.
5. **Göngugreining greitt að fullu, eða allt að (Tilvísun lækis þarf til)**kr. 5.000
6. **Krabbameinsleit, 100% af grunnrannsókn, allt að**kr. 5.000
7. **Almenn rannsókn hjá Hjartavernd, 50% af kostnaði, allt að**kr. 10.000
8. **Sjúkranudd, sjúkráþjálfun og önnur endurhæfing.** Tilvísun lækis þarf til. kr. 50.000
Ekki greitt meira en 50% af hverjum reikningi. Hámarksgreiðsla á féлага á ári
9. **Heilsurækt, svo sem sund, líkamsræktarstöðvar o.fl., hámark**kr. 20.000
Umsækjendur þurfa að hafa verið greiddandi sjóðfélagar í a.m.k. 12 síðustu mánuði, miðað við reglur sjóðsins. Þó aldrei meira en 50% af kostnaði á hverju 12 mánaða tímabili. Reikningar skulu stílaðir á nafn viðkomandi og einungis gilda fyrir félagsmanninn.
10. **Augnaðgerðir,á öðru auga er hámark kr. 40.000, hámark fyrir bæði augu kr. 80.000**
Um er að ræða laser eða lasik aðgerðir. Einn fullur styrkur á 36 mánaða fresti. Umsækjandi þarf að hafa verið félagi í síðustu 12 mán.
11. **Viðtalsmeðferð hjá sálfræðingum/fjölskylduráðgjöfum. - Hámark**kr. 45.000
Greitt kr. 3.000 pr. viðtalstíma í allt að 15 skipti. Tilvísun lækis þarf til.
Greining á ADHD skal styrkt samkv. þessari gr. og greiða skal 50% af reikningi að sama hámarki.
12. **Dánarbætur, skv. gr. 12.4.**kr. 240.000
13. **Dvöl félagsmanna sem fara í endurhæfingu eða meðferð samkvæmt tilvísun lækis á endurhæfingarstofnunum verði niðurgreidd um** kr. 1.500 á dag í allt að 42 almanaksdaga (6 vikur). Þó aldrei meira en 50% af kostnaði
14. **Stjórn er heimilt að styðja féлага og börn þeirra til annarra stoðtækjakaupa** en að ofan greinir samkv. gr. 12.8. í reglugerð sjóðsins. Stjórnin setur sér þá vinnureglu að stoðtækjakaup séu ávallt að tilvísun lækis og styrkur v/barna 50%.
15. **Heimilt er í eitt skipti að veita styrk sem svarar dagpeningum í allt að 45 daga vegna sjúkdóms sem stafar af ofneyslu vímuefna.** Tilvísun lækis þarf til.
16. **Dagpeningar í veikinda- og slysaforföllum í allt að 150 almanaksdaga samkv. grein 12.1 í reglugerð sjóðsins.** Þó aldrei hærri en kr. 330.000 í hverjum mánuði.
17. **Dagpeninga vegna veikinda langveikra og alvarlega fatlaðra barna í allt að 90 almanaksdaga, samkv. grein 12.2.** Þó aldrei hærri en kr. 330.000 í hverjum mánuði.
18. **Dagpeningar vegna mjög alvarlegra veikinda maka í allt að 90 almanaksdaga, samkv. grein 12.3.** Þó aldrei hærri en kr. 330.000 í hverjum mánuði.

Skilyrði fyrir fullum bótarétti, samkv. gr. 12.4 og 12.8 í reglugerð sjóðsins, er að skilað hafi verið iðgjaldi vegna viðkomandi bótaþega sem svarar til a.m.k. 2.040 klst. vinnu á síðustu tólf mánuðum, þegar réttur til aðstoðar myndast. Reiknað út frá taxa afgreiðslufólks eftir eins árs starf. Bætur fara stiglækkandi sé um lægri greiðslur til sjóðsins að ræða.
Bráðabirgðaákvæði: Vegna alvarlegrar stöðu á vinnumarkaði skal viðmiðunartalan vera reiknuð út frá fullum atvinnuleysisbótum í tólf mánuði, nú kr. 17.940.(19.380 frá 1. júní)

Samkv. grein 11.1 í reglugerð sjóðsins geymast réttindi sjóðsfélaga sem hættir eru störfum vegna aldurs eða örorku óskert í 12 mánuði frá starfslokum, hafi þeir greitt til sjóðsins síðustu 5 árin fyrir starfslok. Eftir það skulu þeir eiga rétt til 60% af þeim styrkjum sem greiddandi félagar njóta. Einnig eiga aðstandendur þeirra rétt til dánarbóta samkv. þessari grein, nú kr. 135.000.

Nýtt upphaf á grein 12.8 er hún nú svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins getur við sérstakar aðstæður metið hvort dagpeningar skuli greiddir lengur en eitt bótatímabil og hver upphæð dagpeninga skuli þá vera. Heimilt er stjórn sjóðsins að veita styrki til sjóðsfélaga í formi forvarnar- og endurhæfingastyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysaakostnaðar, fæðingarstyrkja, vegna krabbameinsrannsókna, stoðtækjastyrkja o.p.h. sem stjórn sjóðsins ákveður á hverjum tíma og geta sjóðsins leyfir.

Vakin er athygli á 15. grein reglugerðar sjóðsins um fyrningu bótaréttar :
15. grein - Fyrning bótaréttar

15.1 Réttur til dagpeninga í veikinda og slysaforföllum skv. gr.12.1 og 12.4 fellur niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.
15.2 Réttur til styrkja skv. reglugerð þessari fellur að öðru leyti niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.

Í gildi er sérstakt samkomulag við Borgarbyggð um stuðning við atvinnulausa félagsmenn sem vilja stunda líkamsrækt í Íþróttamiðstöðinni í Borgarbyggð. Leiði upplýsinga á skrifstofu félagsins.

Upphæðir hámarks dagpeninga og dánarbóta voru hækkaðar 1.jan. 2011 miðað við launavísitölu samkvæmt lögum ASI.

Bótareglurnar tóku síðast breytingum á aðalfundi Stéttarfélags Vesturlands 12. maí 2011

Þegar stjórn Sjúkrasjóðs Stéttarfélags Vesturlands tók ákvörðun um tillögur til hækunar á styrkjum sjóðsins sem lagðar voru fyrir aðalfund félagsins 12. maí 2011, þá var horft til þess að hagar barnafjölskyldna hefur farið versnandi sl. ár. Þrengt hefur verið að fæðingarorlofsjóði og ýmskonar niðurgreiðsla á kostnaði frá TR hefur minnkað. Því var ákveðið að tvöfalda fæðingarstyrkinn frá því sem áður var og upphæðir s.s. vegna gleraugnakaupa barna var einnig tvöfölduð.

Þegar hækkan launavísitölu frá des. 2010 - des. 2011 liggur fyrir verður hámarksdagpeningastyrkur hækkaður í samræmi við það. En útlit er fyrir að það verði á milli 8 og 10%. Dánarbætur hækka einnig miðað við vísitölu. Gera má ráð fyrir að viðmið vegna fulls réttar til styrkja úr Sjúkrasjóðnum verði áfram samkvæmt bráðabirgðaákvæði við gr. 12.4 og 12.8 og hækki í samræmi við atvinnuleysisbætur á liðnu ári og verði nálægt kr. 19.200.- úr kr. 17.940.-. Væri bráðabirgðaákvæðið fellt niður yrði upphæðin að vera kr. 22.380.-. Varðandi heilsurækt atvinnulausra þá er vert að benda á sérstakt samkomulag við Borgarbyggð um að okkar félagsmenn sem eru atvinnulausir geti fengið aðgang að Íþróttamiðstöðinni og greitt fyrir það kr. 500 á mánuði. Þetta er til viðbótar því að allir atvinnulausir geta fengið frítt í sund samkvæmt samningi Vinnuálastofnunar og Borgarbyggðar.



Stéttarfélag Vesturlands

Vetrarleiga orlofshúsa og íbúða 2011-2012

Veturinn 2011-2012 leigir Stéttarfélag Vesturlands út orlofshús í Húsafelli, Ölfusborgum, á Illugastöðum í Fnjóskadal ásamt orlofsíbúðum að Furulundi 8 á Akureyri og að Ásholti 2 í Reykjavík. Skrifstofa Stéttarfélagsins í Alþýðuhúsinu, Sæunnargötu 2 a, Borgarnesi annast útleigu á orlofshúsinum í Ölfusborgum og Húsafelli, einnig á íbúðunum á Akureyri og í Reykjavík. Orlofsbyggðin á Illugastöðum annast útleigu á húsi félagsins þar.

Húsafell

Fyrir bústaðinn í Húsafelli þarf að greiða kr. 3.000 fyrir sólarhringinn en kr. 10.000 fyrir helgina.

Um er að ræða nýbyggðan bústað í Kiðárskógum. Ekki þarf að kynna vestlendingum dásæmdir Húsafells sem sumardvalarstaðar en vert er að minna á að veturinn hefur líka sína töfra. Stéttarfélag Vesturlands kannaði hug félagsmanna með því að bjóða bústað sem leigður var af einkaaðila, niðurstaðan sýndi mikinn áhuga og því festi félagið kaup á glæsilegu orlofshúsi, sem er um 94 fermetrar auk svefnlofts.

Tvö svefnherbergi og stofa, svefnkrókur úr stofu, eldhúskrókur og baðherbergi með sturtu.

Heitur pottur er á palli. Húsið verður búið öllum venjulegum búnaði fyrir 8 manns, svefnpláss er fyrir 8 á neðri hæð. Þvotta- og uppþvottavélar eru í húsinu.



Ölfusborgir

Fyrir húsið í Ölfusborgum þurfa félagsmenn að greiða kr. 3.000 fyrir sólarhringinn, fyrir helgi kr. 10.000 en kr. 15.000 fyrir vikuna.

Húsið í Ölfusborgum er með heitum potti og sólstofu. Svefnaðstaða er fyrir 6-8 manns. Húsið er allt nýuppgerð. Tæki og húsbúnaður mjög góður.

Þeir félagsmenn sem dvalið hafa í Ölfusborgum að vetri til eru ekki síður hrifnir af dvölinni þar en þeir sem fara þangað að sumri til. Það er tilvalið að skreppa austur og eiga notalega helgi eða viku í Ölfusinu og brjóta þannig upp skammdegið. Margar skemmtilegar gönguleiðir er þar að finna.



Ásholt 2, Reykjavík

Orlofssjóður hefur fest kaup á 3ja herbergja íbúð í Ásholti 2. Íbúðin er í stóru fjölbýlishúsi þar sem á annan tug íbúða eru í eigu stéttarfélaga. Íbúðin var fjögurra herbergja í upphafi og er því mjög rúmgóð. Henni fylgir stæði í bílageymslu, þar sem mjög góð þvottaaðstaða er fyrir bíla. Þvottahús með vönduðum tækjum er í sameign. Eigninni fylgir líka fallegur lokaður garður og er hægt að ganga beint úr íbúðinni út í garðinn.

Húsfélagið hefur í sinni þjónustu mann sem sér um alla sameignina og er eignin annáluð fyrir snyrtimennsku á allan hátt. Inngangur í Ásholtið er frá Laugavegi og stendur húsið rétt austan við Hlemm, það er því á mjög góðum stað og miðborgin í þægilegu göngufæri. Hér gildir reglan fyrstur kemur fyrstur fær og verður vikunum ekki úthlutað, hvorki að sumri né vetri til. Hægt er að leigja íbúðina dag fyrir dag á virkum dögum en helgar verða eingöngu leigðar frá föstudegi til sunnudags. Leiguverðið er kr. 4.500 fyrir staka nótt á virkum degi. Fyrir virka viðbótarmótt kr. 3.500 og fyrir helgi er verðið kr. 9.000. Vikan leigist á kr. 21.000 til félagsmanna. Hægt er að leigja lín fyrir kr. 1.100 á mann, innifalið í því eru rúmföt og baðhandklæði, greiðist á sama tíma og leigan.



Furulundur 8, á Akureyri, íbúð O

Leigan fyrir félagsmenn er kr. 3.000 pr. sólarhring um helgar og 10.000 kr. fyrir vikuna í vetrarleigu. Svefnpláss er fyrir 6-8 manns. Þetta er þriggja herbergja íbúð á jarðhæð í 19 íbúða, 2ja hæða, fjölbýlishúsi. Allar íbúðirnar eru orlofsíbúðir í eigu stéttarfélaga. Akureyri hefur lengi verið vinsæll sumarleyfisstaður en nú gefst okkar félagsmönnum tækifæri til að kynna bænum að vetrarlagi. Það er ekkert stórmál að skreppa í leikhúsför eða á skíði um helgi eða í miðri viku á Akureyri og dvelja í þessari ágætu íbúð Stéttarfélags Vesturlands.



Illugastaðir

Þjónustumiðstöðin Illugastöðum annast útleigu yfir veturinn, síminn þar er 462 6199. Húsið á Illugastöðum kostar kr. 10.000 í þriggja sólarhringa helgarleigu og auðanótt í miðri viku er kr. 2.000, en stök nótt í miðri viku er leigð á kr. 6.000.

Svefnpláss fyrir 6-8 manns. Þeir sem eiga vetrarfrí eða ónotað orlof ættu að hugleiða friðsæla vetrardvöl í nokkra daga í góðu húsi og í fallegu umhverfi Fnjóskadals. Gönguleiðir eru þarna margar og skemmtilegar. Einnig er stutt að skreppa á Akureyri, til Húsavíkur eða Mývatns og skoða þessa staði að vetri til.



Óskilamunir úr íbúðum og orlofshúsum

Á skrifstofu Stéttarfélags Vesturlands í Borgarnesi hefur safnast upp nokkurt magn óskilamuna úr íbúðum og sumarbústöðum félagsins.

Um er að ræða fatnað og ýmsa smáhluti. Við hvetjum þá sem telja að þeir geti e.t.v. átt einhverja muni hjá okkur að nálgast þá.

Þegar óskilamunir hafa legið hjá okkur í meira en sex mánuði munum við losa okkur við þá til Rauða krossins eða farga því sem við teljum okkur ekki geta gefið til góðra málefna.



Stéttarfélag Vesturlands


Sími: 430 0430 - fax: 430 0431

Netfang: stettvest@stettvest.is - Veffang: www.stettvest.is


Háir vextir, húsnæðislán, verðtrygging og gjaldmiðillinn

Verðtryggðir og óverðtryggðir vextir

- Á myndinni má sjá hversu hærri eða lægri verð-tryggðir raunvextir eru m.v. óverðtryggðra raunvexti
- Að jafnaði eru verðtryggðu vextirnir 1-3% lægri en þeir óverðtryggðu
- Eftir hrun verða óverðtryggðu vextirnir hagstæðari vegna gjaldeyrishafta



Munur á árlegri greiðslubyrði




Á undanförunum misserum hefur umræðan um stöðu íslenskra heimila, háa vexti, verðtryggingu og það hvort íslenska krónan er vond eða góð, tekið mikið pláss í samfélaginu. Forysta ASÍ hefur oftast en ekki setið undir mikilli gagrýni þeirra sem vilja leysa málin með tófrabrogðum, eða telja að íslenska krónan sé það besta sem fundið hefur verið upp. Því miður hefur umræðan ekki alltaf verið sérlega málefnaleg eða byggð á röksemdum.


Hagdeild sambandsins hefur verið að skoða hvernig málin hafa verið að þróast á síðustu 20 árum og efnt hefur verið til fyrirlestraraðar og skrifaðar hafa verið greinar í dagblöð. Þessu verður haldið áfram á nýju ári. Fyrirlestrarnir og glærurnar eru aðgengilegir á heimasíðu ASÍ og einnig er hægt að ná í þá á heimasíðu Stéttar-

félags Vesturlands. Hér á síðunni eru birtar fjórar myndir sem sýna mun á vöxtum, verðtryggðra og óverðtryggðra lána, mun á stýrivöxtum á Íslandi og í Evrópu. Einnig er sýndur vaxtamunur á húsnæðislánum hér á landi og í Evrópu og að lokum hversu dæmigerð íslensk meðalfjölskylda þarf að eyða miklu stærri hluta af tekjum sínum til að greiða húsnæðislánin sín. Þetta er einungis brot af þeim glærum sem fyrirlestrunum fylgja. Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér þessi mál og fylgjast með fyrirlestrunum sem haldnir verða eftir áramót. Þá verður fjallað um möguleika á öðrum gjaldmiðli og einnig stendur til að reyna að kynna dansk húsnæðiskerfinu betur og ræða hvort reynsla Dana sé eitthvað sem við getum lært af.

Stýrivextir á Íslandi og í Evrópu



Vextir af nýjum húsnæðislánum



Óskum félagsmönnum og öðrum íbúum Vesturlands gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á árinu sem er að kveðja.



Stéttarfélag Vesturlands



Landsmennt
www.landsmennt.is

Ráðgjöf á vegum Virk starfsendurhæfingarsjóðs

Árið 2008 var Starfsendurhæfingarsjóðurinn Virk stofnaður af aðilum vinnumarkaðarins með ákvæði í kjarasamningi. Hlutverk starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að

launafólk hverfi af vinnu- markaði vegna langvarandi veikinda eða slysa.

Ráðgjafar eru nú starfandi á vegum Virk starfsendurhæfingarsjóðs fyrir stéttarfélag Vesturlands síðan í febrúar 2010.

Í ágúst 2008 voru 3 ráðgjafar sem störfuðu á vegum Virk en áður en ár var liðið voru þeir orðnir 15. Í dag, þremur árum eftir stofnun Virk, eru 29 ráðgjafar starfandi á vegum starfsendurhæfingarsjóðsins. Verkefnið hafa verið að aukast jafnt þétt, eins og fjöldi ráðgjafa gefur til kynna, sem sýnir hversu mikil þörf er fyrir þessa þjónustu. Á milli 70% og 80% þeirra sem leita ráðgjafa hjá Virk og hafa lokið þjónustu, fara aftur út á vinnumarkað sem telst vera mjög gott.

En í hverju felst starf ráðgjafa? Nú það felst fyrst og fremst í því að aðstoða einstaklinga við að endurheimta og/eða efla starfsgetu.

Starf ráðgjafa er reyndar víðtækt og flókið en mikilvægustu þættirnir eru eftirfarandi:

- Hvatning og viðtöl við einstaklinga um möguleika á vinnumarkaði
- Umsjón með málefnum einstaklinga
- Samskipti við vinnustað



Stéttarfélag Vesturlands hefur kappkostað að hafa vinnumhverfi ráðgjafans notalegt. Hér má sjá veggteppi sem hangir uppi í skrifstofunni í Borgarnesi, unnið af Þórunni Skúladóttur.

- Samskipti við fagaðila
- Skráning og mat á úrræðum

Ráðgjöfin tekur ávallt mið af aðstæðum hvers og eins, hvort sem það er af heilsufarslegum eða félagslegum þáttum.

Þeir sem telja sig þurfa á aðstoð ráðgjafa á sviði starfsendurhæfingar að halda geta leitað til Stéttarfélags Vesturlands eða fundið upplýsingar um alla starfandi ráðgjafa á www.virk.is. Farið er með öll mál sem trúnaðarmál og þjónustan er endurgjaldslaus.

Helga Karlsdóttir,
ráðgjafi á sviði
starfsendurhæfingar

Launahækkanir í kjarasamningum

Kjarasamningar Stéttarfélags Vesturlands fela flestir í sér kauphækkanir á nýju ári. Þrátt fyrir að mikið hafi verið rætt um samræmda launastefnu í viðræðum aðila síðastliðið vor, eru launabreytingar með nokkuð mismunandi hætti og á mismunandi tíma. Ýmist er um að ræða prósentu- hækkun eða krónu- tölur á gildandi taxta, einnig getur verið um



SGS, Efling og Kjölur undirrituð kjarasamning við Samband íslenskra sveitarfélaga 30. júní 2011

blöndu af þessu tvennu. Samninganefnd Alþýðusambands Íslands þarf að hafa tekið ákvörðun um hvort segja beri samningum upp fyrir 21. janúar 2012, verði það gert hefur það áhrif á þá samninga sem byggja á því endurskoðunarákvæði, aðra ekki. Félagsmenn eru hvattir til að fylgjast vel með því hvort að launabreytingarnar skila sér og hafa samband við félagið ef spurningar vakna.

Samningur	dagsetning	krónutala á taxta	hækkun í %
Fimm st. fél./Norðurál	1.12.11		5,35%
Fimm st. fél./Elkem	1.02.12		3,3%
Tvö st.fél./Klafi	1.02.12		3,5%
SGS/SA	1.02.12	11.000	3,5%
Samiðn/SA	1.02.12	11.000	3,5%
LÍV/SA	1.02.12	11.000	3,5%
SGS/Ríkið	1.03.12	11.000	3,5%
SGS/Sveitarfélögin	1.03.12	Ný launatafla tekur gildi	nálægt 3,5%

Í samningnum við Norðurál kemur engin launahækkun á árinu 2012.

Fékkst þú greidda rétta desemberuppbót?

Samkvæmt kjarasamningum, sem Stéttarfélag Vesturlands er aðili að, ber að greiða launafólki desemberuppbót fyrir árið 2011, sem hér segir:

Starfsfólk sveitarfélaga, samningur SGS og LN, Verslunar- og skrifstofufólk, samningur LÍV og SA, Verkafólk á almennum markaði, samningur SGS og SA, Ríkisstarfsmenn, samningur SGS og fjármálaráðherra, Iðnaðarmenn, samningur Samiðnar og SA, Norðurál ehf., Hvalfjarðarsveit Íslenska járnblendifélagið hf., Hvalfjarðarsveit Klafi ehf., Hvalfjarðarsveit

kr.	75.500
-	55.400 + 15.000
-	48.800 + 15.000
-	48.800 + 15.000
-	48.800 + 15.000
-	146.522
-	137.436
-	137.436

Til að eiga rétt á fullri desemberuppbót þarf að skila 45 vikum í dagvinnu á árinu (1800 klst).

Þeir sem hafa unnið skemmri tíma eða eru í hlutastarfi fá greitt í hlutfalli.

Lágmarksréttur til desemberuppbótar er misjafn eftir kjarasamningum.

Rétt er að geta þess að starfsmenn sveitarfélaga sem eru við störf 1. febrúar 2012 fá greidda eingreiðslu kr. 25.000. Stéttarfélag Vesturlands hvetur launafólk til að fylgjast vel með því að rétt desemberuppbót sé greidd og að gera athugasemdir strax sé ekki svo.



Stéttarfélag Vesturlands

Fjölskyldudagur Stéttarfélags Vesturlands



Gleðin skín úr fallega skreyttum andlitunum.



Það var mikið fjör í rútunni á leiðinni heim og ekki að sjá annað en að foreldrarnir væru jafn rjóðir og sællegir og börnin.

Stéttarfélag Vesturlands bauð félagsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra í Skemmtigarðinn í Grafarvogi á fyrsta fjölskyldudegi félagsins þann 18. sept-

ember síðastliðinn. Þar var ýmis skemmtun í boði fyrir börn jafnt sem foreldra, t.d. hoppukastalar, andlitsmálun, paintball, lasertag, grillveisla og fleira. Veðrið lék

ekki beinlínis við þátttakendur en þeir létu það ekkert á sig fá og var almenn ánægja meðal fólksins með daginn. Stefnt er að því að efna til fjölskyldudags fyrr á næsta

ári, t.d. að vori eða snemmsumars í þeirri von að veðurguðirnir verði okkur hliðhollari á þeim árstíma.

Stéttarfélag Vesturlands styður við hjálparstarf

Stéttarfélag Vesturlands hefur stutt við Rauða krossdeildirnar í Borgarnesi og í Búðardal á jólafoðstunni undanfarin ár. Einnig hefur félagið verið í samstarfi við félagsmálafyrirvöld í Hvalfjarðarsveit vegna úthlutunar styrkja til fjölskyldna og einstaklinga fyrir jólin. Nokkuð misjafnt er hversu háar upphæðir hafa runnið til þessa málaflökks.

Þetta árið er útlit fyrir að það muni verða á 7. hundrað þúsund króna, sem úthlutað verði í nafni félagsins. Það er Sjúkrasjóður Stéttarfélags Vesturlands sem stendur straum af þessum greiðslum en samstarfsaðilarnir sjá alfarið um að meta þörfina og koma styrkjunum til skila.



Menntun skapar tækifæri

- kynntu þér möguleikana



Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnuflísins og verkafólks á landsbyggðinni

Verkalyðstélagin sjá um afgreiðslu einstaklingsstyrkja í umboði sjóðsins

Sjóðurinn styrkir starfsmenntun í fyrirtækjum



Landsmennt

Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401
www.landsmennt.is • landsmennt@landsmennt.is

Þín leið til fræðslu



Ríkismennt styrkir starfsmenntun innan stofnana ríkisins á landsbyggðinni

Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna

Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur

Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélagin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar



Ríkismennt

Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401
www.rikismennt.is • rikismennt@rikismennt.is

Styrkur þinn til náms



Sveitamennt styrkir starfsmenntun innan sveitafélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni



Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna

Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur

Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélagin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar



Sveitamennt

Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401
www.sveitamennt.is • sveitamennt@sveitamennt.is